



Mosfellsbær 1 nóvember 2017

Erindi: Beiðni um fjárstuðning við forvarnastarf SAMAN-hópsins á árinu 2017

SAMAN-hópurinn er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka, stofnana og sveitarfélaga sem láta sig varða forvarnir og velferð barna. Leiðarljós í starfi hópsins eru niðurstöður rannsókna sem sýna mikilvægi og áhrifamátt foreldra í forvörnum.

Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, einkum í tengslum við tímabil og viðburði þar sem hætta er á aukinni neyslu vímuefna meðal unglunga. Stuðningur og hvatning SAMAN-hópsins felst í að vekja athygli á hættum sem ógna börnum og unglingum, benda foreldrum á ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna og að hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar á sérstökum tímamótum. Hópurinn nýtir alla jafna forvarnaauglýsingar og bæklinga til að koma skilaboðum sínum á framfæri við foreldra. Dæmi um slíkt er um áramót, vegna útivistartíma barna og unglunga að hausti, Menningarnótt í Reykjavík og útihátíðir sem haldnar eru um verslunarmannahelgar. Undir slagorðinu 18 ára ábyrgð hefur foreldrum barna sem eru að ljúka grunnskóla verið sent fræðsluefnið Slakaðu á en slepptu ekki til stuðnings í uppeldishlutverkinu við þau tímamót þegar barnið hefur nám í framhaldsskóla. Auk þessa ítreka fulltrúar hópsins öll skilaboðin með greinaskrifum og viðtölum í ljósvakamiðlum.

Hópurinn fjármagnar verkefni sín eingöngu með styrkjum. Rétt er að taka fram að allir styrkir til hópsins fara óskiptir til framleiðslu og birtingar á auglýsingum og fræðsluefni. Allt utanumhald og vinna í kringum hópinn er unnin af þeim sem þar eiga sæti, án launa frá SAMAN-hópnum. Forvarnasjóður og Pokasjóður hafa verið styrktaraðilar. Verkefnaáætlun hópsins fyrir árið 2018 hljóðar uppá 4.700.000 kr.

Allt kynningarefni sem SAMAN-hópurinn hefur látið útbúa, eins og veggspjöld, póstkort og annað auglýsingaefni, er ætlað á landsvísu og er sveitarfélögum heimilt að nota það enn frekar í forvarnastarfi án endurgjalds. Kynningarefnið og nánari upplýsingar um SAMAN-hópinn eru á heimasíðu hans www.samanhopurinn.is.

SAMAN-hópurinn vonar að sveitarfélagið ykkar sjái sér fært að styrkja forvarnastarf hópsins um 20.000 til 600.000 kr. Öll framlög eru vel þeginn.

Hægt er að leggja beint inn á reikning SAMAN-hópsins kt. 630801-2570. Á reikning 0334-13-202649.

F.h. SAMAN-hópsins,

Edda R. Davíðsdóttir gjaldkeri hópsins
Tómstundafulltrúi Mosfellsbæjar
Þverholti 2, 270 Mosfellsbær
s. 525 6700 / 6151532